

Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2012

Tilvísun: 201005-0054/0.03.02

### Umsögn um frumvarp til umferðarlaga, þskj. 180- 179. mál.

Við er til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um ofangreint frumvarp sem barst í tölvupósti dags. 10. október 2012.

Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla þá ber Vinnueftirliti ríkisins að skrá og skoða vinnuvélar. Við skoðun vinnuvéla er hugað að þeim þáttum sem varða öryggi starfsmanna við beitingu vélarinnar sem vinnutækis sem og öryggisþáttum er varða tilfærslu og akstur hreyfanlegra vinnuvéla. Vinnuvélar þurfa m.a. að uppfylla ákvæði hinnar svokölluðu véltilskipunar ESB (tilskipun nr. 2006/42/EB) sem innleidd er með reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Sumar gerðir vinnuvéla eru í raun áfastar og fluttar til á ökutækjum (körfukranar, bílkrantar o.fl.). Í slíkum tilfellum er ökutækið að sjálfsögðu háð skráningu og skoðun samkvæmt gildandi umferðarlögum en vinnuvélin er skráð og skoðað samkvæmt lögum nr. 46/1980.

1. mgr. 70. gr. frumvarpsins kveður á um þá meginreglu að öll vélknúinn ökutæki, þ.m.t. vinnuvélar sem færast úr stað á hjólum og/eða beltum skuli vera skráningarskyld. 2. mgr. 70. gr. frumvarpsins kveður síðan á um það að ráðherra geti í reglugerð undanþegið frá skráningu ökutæki sem ætlað er til aksturs á afmörkuðu, skilgreindu svæðum, svo og ökutækis sem ætlað er til aksturs utan almennrar umferðar. Í greinargerð segir síðan um 2. mgr. 70. gr. frumvarpsins:

*„Þannig má ætla að vinnuvélar sem ætlaðar eru til aksturs í umferð falli undir 1. mgr. en þær vinnuvélar sem notaðar eru utan umferðar falli undir reglugerðarákvæði 2. mgr.“*

Ekki er ljóst hvaða vinnuvélar munu falla undir 1. mgr. 70. gr. frumvarpsins þar sem engar vinnuvélar eru beinlínis ætlaðar til aksturs í umferð. Sumar vinnuvélar eru ætlaðar til vinnu/notkunar á vegum eins og t.d. vegheflar en að langmestu leyti eru vinnuvélar í notkun á vinnustöðum, en fara í almennra umferð þegar þær eru fluttar milli vinnustaða. Vinnuvélaeild Vinnueftirlitsins hefur áætlað að um 3000 vinnuvélar gætu fallið undir skráningarskyldu skv. 70. gr. frumvarpsins ef miðað er við þær vinnuvélar sem geta farið í almenna umferð. Aðallega mun vera um að ræða ýmiskonar gröfur, hjólaskóflur, veghefla, ýmis dráttartæki og vélsópa auk annarra vinnuvéla.

Frumvarpi til nýrra umferðarlaga mælir fyrir um það að þær vinnuvéla „...sem ætlaðar eru til akstur í umferð” skuli bæði vera skráðar hjá Vinnueftirlitinu og hjá Umferðarstofu, sbr. 1. mgr. 70. gr. frumvarpsins, og bæði skoðaðar hjá Vinnueftirlitinu og skoðunarstofum, sbr. 72. gr. frumvarpsins, **þetta muni í reynd leiða til tvöfalds skráningar- og skoðunarkerfis fyrir þessar tilteknu vinnuvélar með öllum þeim óþarfa kostnaði og óhagræði sem slíku fylgir.**

Vinnuvélar eru meðal algengustu orsakavalda alvarlegra vinnuslysa, þar á meðal dauðaslysa. Stjórnsýsla þessa málaflokks er því mikilvægur hluti stjórnsýslu öryggismála á vinnustöðum og samskipta við atvinnurekendur og fulltrúa starfsmanna um þau mál. Til staðar er hjá Vinnueftirlitinu sérfræðipækning á véltæknilegum öryggismálum, þ.á.m. að því er varðar vinnuvélar. Ef 70. og 72. gr. frumvarpsins verða að lögum óbreytt mun skapast veruleg skörun milli stjórnsýslu þessa málaflokks sem ekki er til staðar í dag og sem vart er hægt að réttlæta fyrir atvinnulífinu í landinu. Að auki verður ekki séð að skoðunarstofur séu reiðubúnar til skoðunar slíkra vinnuvéla sem vinnutækja. Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum gera þó ráð fyrir að unnt sé að fela slíkum aðilum skoðanir en eðlilegt er að það yrði þá gert undir stjórnsýslu Vinnueftirlitsins þar sem sérfræðipækning á þessum málum er til staðar.

Í greinargerð með 70. gr. frumvarpsins til nýrra umferðarlaga sem fjallar um skráningarskyldu ökutækja er kveðið á um það að:

*„Með þessu fyrirkomulagi er lagður grundvöllur að váttryggingarskyldu ökutækja...”*

Síðan segir einnig:

*„Með vísan til ákvæða um váttryggingarskyldu vélknúinna ökutækja í frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra um ökutækjatrýggingar, sem unnið hefur verið að samhliða umferðarlagafrumvarpinu, verður ekki hjá því komist að skrá torfærutæki í ökutækjaskrá þar sem skráning er grundvöllur váttryggingar.”*

Samkvæmt ofangreindu þá verður ekki annað séð en að tilgangur þess að hefja skráningu á vinnuvélum hjá Umferðarstofu sé að tryggja váttryggingarskyldu þeirra vinnuvéla sem fara út í umferð. Vinnueftirlitið er sammála því að ekki sé hægt að tryggja váttryggingarskyldu án skráningar en bendir á það að allar vinnuvélar eru þegar skráðar og skoðaðar hjá Vinnueftirlitinu. Vinnueftirlitið heldur miðlæga skrá yfir vinnuvélar, vinnuvélaaskrá sem miðluð upplýsingum til notenda á netinu í gegnum vinnsluaðila. Í vinnuvélaaskrá er hægt að birta upplýsingar um það hvort tiltekin vinnuvél sé váttryggð. Af ofangreindum ástæðum sér stofnunin ekki rökin fyrir því að skrá vinnuvélar einnig hjá Umferðarstofu þar sem vinnuvélar eru þegar skráðar hjá Vinnueftirlitinu. Auðvelt væri að tryggja váttryggingarskyldu framangreindra vinnuvéla skv. frumvarpi um ökutækjatrýggingar í gegnum vinnuvélaaskrá Vinnueftirlitsins.

Til þess að tryggja lagasamræmi milli nýrra umferðarlaga og núverandi laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og til að tryggja eðlilega stjórnsýslu þessa málaflokks auk þess að hlífa þeim vinnuvélaeigendum sem munu falla undir það tvöfalda skráningar- og skoðunarkerfi sem frumvarp til nýrra umferðarlaga mælir fyrir um, þá leggur Vinnueftirlitið eindregið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 70. gr. frumvarpsins:

Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: *Ákvæðið gildir þó ekki um vinnuvélar.*


Ef löggjafinn telur að eina leiðin til þess að gera þær vinnuvélar sem fara út í umferð váttryggingarskyldar með því að gera þær skráningarskyldar bæði hjá Umferðarstofu og hjá Vinnueftirlitnu þá leggur Vinnueftirlitið til vara að eftirfarandi breyting verði gerðar á 72. gr. frumvarpsins:


Í stað 2. málslíðar 1. mgr. 72. gr. komi nýr málslíður svohljóðandi: *Ákvæðið gildir þó ekki um dráttavélar, létt bifhljól í flokki I og vinnuvélar.*

Ofangreind breyting myndi a.m.k. koma í veg fyrir að vinnuvélar yrðu tvískoðaðar af tveim stjórnvöldum.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins

  
Eyjólfur Sæmundsson  
forstjóri

  
Björn Þór Rögnvaldsson  
lögfræðingur